# Breyting á aðalskipulagi.
# Afmörkun hafnarsvæðis við Oddeyrarbryggju.




Gildandi skipulag

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt til samræmis við tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæða sunnan Glerár. Í breytingunni felst minni háttar lagfæring á afmörkun hafnarsvæðis 2.11.19 H.

## Forsendur

Tilgangurinn með breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæða og samsvarandi breytingu á aðalskipulagi Akureyrar er að bæta aðstöðu fyrir skemmtiferðaskip og farþega þeirra í Aureyrarhöfn. Markvisst hefur verið unnið að bættri hafnaraðstöðu undanfarin ár og er nýtt þjónustuhús með móttökuaðstöðu, sem gert er ráð fyrir í breyttu deiliskipulagi, nauðsynlegur þáttur í ferðaþjónustu á svæðinu.

## Breytingar á greinargerð

Breytingar á flatarmáli landnotkunarreita eru innan skekkjumarka (flatarmál mælt í hektörum) og hafa ekki áhrif á uppgefið flatarmál í greinargerð. Breytingin gefur ekki tilefni til breytingar á texta greinargerðar.

## Breyting á skipulagsuppdrætti

**Hafnarsvæði 2.11.19 H**: Breytt svæðamörk vestan Oddeyrarskála við Strandgötu. Opið svæði þar vestan við minnkar að sama skapi.

## Áhrifamat

Breytingin hefur hvorki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir né landsáætlanir. Breytingin stangast ekki á við umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda. Enginn munur er á umhverfisáhrifum „núllkosts" og breytinga. Áhrif á umhverfið felast í sýnileika þeirrar byggingar, sem heimilt verður að reisa að breyttu deiliskipulagi. Ekki er talin ástæða til þess að viðhafa sérstakar mótvægisaðgerðir eða vöktun vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

- - - - -

Tillagan felur í sér óverulega breytingu þar sem mörk landnotkunarreita eru endurskoðuð. Með því eru bættar forsendur fyrir byggingu þjónustuhúss á hafnarbakkanum sbr. tillögu að breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Nýbyggingin mun ekki hafa neikvæð áhrif á búsetuumhverfi nágranna t.d. með skuggavarpi eða útsýnisskerðingu enda er talsverð fjarlægð að næstu íbúðarhúsum. Sýnileiki nýbyggingarinnar mun ekki hafa neikvæð áhrif á þá atvinnustarfsemi, sem næst er. Því verður ekki séð að breytingin sé líkleg til að skerða hagsmuni annarra eða valda ágreiningi.




Breytt skipulag

Mkv.: 1:10.000

### SKÝRINGAR

LANDNOTKUN

- Mörk skipulagssvæðis
- Þéttbýlismörk
- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Miðsvæði, miðbær
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Hafnarsvæði, flugvallarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Óbyggð svæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- Náttúruverndarsvæði, fólkvangur
- Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá
- Strandsvæði í flokki B
- Efnistökusvæði
- Landfylling
- Ný strandlína, útgrafið
- Fornminjar
- Blönduð landnotkun
- Stofnanasvæði með útivistargildi

ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Aðalstígar
- Útivistarstígar
- Reiðleiðir
- Flutningslínur rafveitukerfis (Loftlínur)
- Svæði fyrir háspennulínur, línufjöldi ekki tilgreindur
- Flutningslínur rafveitukerfis (Jarðstrengir)
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu
- Ljósleiðari
- Dælustöðvar fráveitu og fráveitumannvirki

Grunnkort:
Umhverfisdeild Akureyrar
Myndmældur hæðarlínugrunnur

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið
skv. 2. mgr 21. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.
var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar
þann __________________.
Bæjarstjórn tekur að sér að bæta það tjón er einstakir
aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

__________________________
bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af umhverfisráðherra
þann __________________.

__________________________ __________________________

# AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018
# ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR

BREYTING
Afmörkun hafnarsvæðis við Oddeyrarbryggju.

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar | Mælikvarði 1:10.000 | Dags. 17. apríl 2009


TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí